S T Y K K I S H Ó L M S B Æ R

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
Skj.fl. 10.7.2
Innk.
15. JÚLÍ 2008
Ábm. HG
SLR 08040161

Sjávarútvegsráðuneytið
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Stykkishólmi, 14. júlí 2008

**Efni: Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2007/2008.**

Vísað er til bréfs frá þér dags. 27. júní sl. varðandi úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2007/2008.

Á fundi bæjarráðs þann 10. júlí s.l. voru eftirfarandi reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í Stykkishólmi fyrir fiskveiðiárið 2007/2008 samþykktar þannig:

> Byggðakvótanum er úthlutað sbr. 4. gr. B. reglugerðar nr. 604/2008, þ.e. úthlutun vegna samdráttar í vinnslu á skel. Einungis þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild í byggðakvótanum. Það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2007 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1.9.2007.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

BÆJARSTJÓRINN STYKKISHÓLMI

Erla Friðriksdóttir,
bæjarstjóri.